# Fornleifaskráning í landi Skriðu í Nesjum



Bjarni F. Einarsson
2024

Forsíðumyndin sýnir Markastrýtu, en það voru landamerki og bera þau í línuna í fjallinu þar sem rauðar skriður mæta gráum (bláum) beint fyrir ofan toppinn á strýtunni. (Fornleifar nr. 35:1. Horft mót N. Ljósm. BFE 2024).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Steinar Resort ehf.
Sept. 2024

***Inngangur***

Að beiðni Steinars Resorts ehf kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á deiliskipulagsreit í landi Skriðu í Nesjum, A-Skaftafellssýslu.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 29. ágúst síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki. Byrjað var á næsta lausa númeri Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 1) með staðsetningu fornleifa.

Áður hafa verið gerðar nokkrar fornleifaskráningar á svæðinu, en engin þeirra kemur hér við sögu, en skráðar voru fornleifar sunnan við þjóðveginn (Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2019). Engar fornleifar hafa áður verið skráðar á skipulagsreitnum.

Fulltrúi verkkaupa var Aron Geir Eggertsson hjá Eflu verkfræðistofu.




Mynd 1. Hið kannaða svæði með staðsetningu fornleifa.

***Skráningin***

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **34** | Rúst | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (5) | Lítið (5) | Nei | Þverskurður |
| **35** | Landamerki | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 155-1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| | Samtals: | 2 | | | | Meðaltal: | 3,5 | 3,5 | | |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minjar á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdium var engin.

Samtals voru 2 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina. Annars vegar meint beitarhús og hinsvegar landamerki og báðar töldust hafa lágt minja- og varðveislugildi. Álitamal er hvort hið meinta beitarhús uppfylli aldursákvæði lagana.

Hið meinta beitarhús á deiliskipulagsreitnum er talið í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Líklega er hægt að taka tillit til þeirra við skipulagið.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á ungum minjum miðast oft að því að kanna hvort þær standi ofan á eldri minjum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands ef ekki er hægt að komast hjá raski og stofnunin ákveður rannsóknaumfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

## *Niðurstaða*

Tvær fornleifar/minjar fundust á deiliskipulagsreitnum og báðar með lítið minja- og varðveislugildi. Önnur er talin í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda en hin ekki og verði ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf hugsanlega mótvægisaðgerða við vegna hins meinta beitarhúss. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

## *Heimildir*

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is *Minjavefsjá.*

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir. *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa á Nesjum.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2018.

*Örnefnaskrá.* Miðsker. Skrásetjari: Stefán Einarsson, prófessor. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
*Örnefnasjá* - Náttúrufræðistofnun. ornefnasja.lmi.is

***Fylgirit:***

*Fornleifaskrá:* Hornafjörður Nr. 34:1–35:1. Bls. 7

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Minjaheild | Auðkenni |
|---|---|---|---|---|
| Austur - Skaftafellssýsla | Hornafjörður | | | 34 |

| Jörð, núverandi | Jörð 1847 | verkefnanumer | minj_id | Sérheiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Skriða | Stóra-Lág | | | | 1 |

| Skrásetjari | Heimsótt. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 29.8.2024 | E 681817,3. N 431076,1 | Ísn 93 | | |

| Tegund | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Beitarhús | Skriða 24 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | | Byggingar | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 5 | Lítið | 5 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Austan í hól í fjallsbrekku.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
5,5 x 12,5 m stór. Veggir úr torfi, 0,2-0,4 m háir og 1-1,5 m breiðir. Tvö hólf eru á rústinni og er nyrðra og minna hólfið grafið inn í hallann þvert á stærra hólfið. Líklega er þetta hlaða.
Dyr virðast vera á milli hólfanna og svo út úr rústinni til suðurs.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Minjaheild | Auðkenni |
|---|---|---|---|---|
| Austur - Skaftafellssýsla | Hornafjörður | | | 35 |

| Jörð, núverandi | Jörð 1847 | verkefnanumer | minj_id | Sérheiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Skriða | Stóra-Lág | | | Markastrýta | 1 |

| Skrásetjari | Heimsótt. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 29.8.2024 | E 681404,4 N 431730,4 | Ísn 93 | | |

| Tegund | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Landamerki | | Skriða 24 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Ekkert | Engin | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Hóll neðarlega í skógi vaxinni brekku rétt norðan við Þjóðveg 1.

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá.* Miðsker. Skrásetjari: Stefán Einarsson, prófessor. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

*Lýsing*

**Landamerki.**
Áberandi hraunhóll um 30 m norðan við þjóðveginn.
Ekki sjást nein mannanna verk á hólnum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.